

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Bakkatún 46.

Í breytingunni felst að fjöldi lóða við Bakkatún 46 verður sex í stað fjögurra og heimilt byggingarmagn eykst úr 600 m² í 630 m². Engin breyting er gerð á öðrum ákvæðum deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. nóvember 2025.

Sólheimar 10.

Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð nr. 10 er stækkaður um 7 m til norðurs vegna bílskúrs sem verður byggður norðan við aðalhúsið. Engin breyting er gerð á öðrum ákvæðum deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. janúar 2026.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 2. febrúar 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. febrúar 2026